

12. gr.

Sérstakt gjald sem lagt er á samkvæmt reglugerð þessari myndar gjaldstofn til söluskatts.

Þrátt fyrir ákvæði 2.—4. gr. má gjald samkvæmt reglugerð þessari aldrei vera hærra en nemur 134,99% af fob-verði hverrar bifreiðar.

13. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, álagningu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987 og laga nr. 97/1987 um vörugjald svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr., laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 104/1986 um sérstakt gjald af bifreiðum með síðari breytingum svo og önnur þau fyrirmæli er kunna að brjóta í bága við ákvæði reglugerðar þessarar.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1987.

F.h.r.

Sigurgeir Jónsson.

Indriði H. Þorláksson.

REGLUGERÐ

um skil á staðgreiðslufé.

1. gr.

Launagreiðandi skal ótilkvaddur skila skilgrein og því staðgreiðslufé sem honum ber að halda eftir eigi sjaldnar en mánaðarlega til innheimtumanns staðgreiðslu í samræmi við ákvæði laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Skilgrein skal skila mánaðarlega enda þótt engin laun hafi verið greidd eða persónu-afsláttur launamanna veldur því að engin staðgreiðsla er tekin af starfsmönnum.

Gjalddagi vegna greiðslutímabils liðins mánaðar er 1. dagur næsta mánaðar en eindagi 14 dögum síðar.

2. gr.

Launagreiðanda ber að útfylla og skila sérstakri skilgrein fyrir hvern mánuð þar sem fram kemur sundurliðun staðgreiðslu fyrir hvern starfsmann hans. Heimilt er með samþykki ríkisskattstjóra og viðkomandi innheimtumanns staðgreiðslu að skila sundurliðun í tölvutæku formi. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um fyrirkomulag og meðferð skilgreina.

3. gr.

Launagreiðandi skal gera skil á staðgreiðslu og skilgreinum í því umdæmi sem hann á lögheimili. Skil skal gera til gjaldheimtna þar sem þær eru starfandi en annars staðar til sýslumanns eða bæjarfógeta.

Eftirtaldir aðiljar eru innheimtumenn staðgreiðslu og taka við staðgreiðslufé og skilagreinum:

A. Gjaldheimtur:

Gjaldheimtan í Reykjavík.
Gjaldheimtan í Mosfellsbæ.
Gjaldheimtan á Seltjarnarnesi.
Gjaldheimtan, Garðabæ.
Gjaldheimta Bessastaðahrepps.
Gjaldheimtan í Hafnarfirði.
Gjaldheimta Suðurnesja, Njarðvík.
Gjaldheimtan í Bolungarvík.

B. Sýslumenn, bæjarfógetar:

Bæjarfógetinn á Akranesi.
Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
Sýslumaður Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, bæjarfógetinn í Ólafsvík.
Sýslumaður Dalasýslu.
Sýslumaður Barðastrandarsýslu.
Sýslumaður Ísafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Ísafirði.
Sýslumaður Strandasýslu.
Sýslumaður Húnavatnssýslu.
Sýslumaður Skagafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Sauðárkróki.
Bæjarfógetinn í Siglufirði.
Bæjarfógetinn í Ólafsfirði.
Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Akureyri og Dalvík.
Sýslumaður Þingeyjarsýslu, bæjarfógetinn á Húsavík.
Sýslumaður Norður-Múlasýslu, bæjarfógetinn á Seyðisfirði.
Bæjarfógetinn í Neskaupstað.
Sýslumaður Suður-Múlasýslu, bæjarfógetinn á Eskifirði.
Sýslumaður Austur-Skaftafellssýslu.
Sýslumaður Vestur-Skaftafellssýslu.
Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum.
Sýslumaður Rangárvallasýslu.
Sýslumaður Árnassýslu, bæjarfógetinn á Selfossi.
Sýslumaður Kjósarsýslu vegna Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps.
Bæjarfógetinn í Kópavogi.

4. gr.

Staðgreiðslufé ásamt skilagrein þarf að hafa borist innheimtumanni sem um getur í 2. mgr. 3. gr. eigi síðar en á eindaga. Dagsetning á greiðslukvittun innheimtumanns staðgreiðslu er sönnun fyrir því að skil hafi verið gerð á réttum tíma.

Skilagreinar skal innheimtumaður staðgreiðslu færa á launagreiðendaskrá. Hann skal sannreyna að samræmi sé á milli skilagreinar og greiðslu. Ef svo reynist skulu skilin innfærð á launamannaskrá. Reynist skilagrein ekki rétt skal innheimtumaður staðgreiðslu tilkynna það launagreiðanda og skattstjóra. Þegar skil hafa verið leiðrétt skulu þau færð á launamannaskrá.

Reynist greiðsla, skilagrein og skil vera rétt er atvinnurekandi laus úr ábyrgð hvað þessi skil varðar, sbr. þó ákvæði 22. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

5. gr.

Heimili skattstjóri manni sem reikna skal sér endurgjald, skv. 2. tölul. 4. gr. laga, um staðgreiðslu opinberra gjalda, að gera skil á staðgreiðslu einu sinni á ári skal sú skilagrein hafa borist viðkomandi innheimtumanni fyrir 15. janúar árið á eftir staðgreiðsluári. Veiti skattstjóri slíka heimild skal hann tilkynna það innheimtumanni staðgreiðslu í umdæmi skattgreiðanda. Jafnframt skal skattstjóri áætla á grundvelli viðmiðunar útsvarspátt skattgreiðandans á staðgreiðsluárinu og tilkynna áætlunina til ríkisbókhalds. Ríkisbókhald skal hlutast til þess að persónuafsláttur skattgreiðandans sem ganga skal upp í útsvar skili sér til viðkomandi sveitarfélags á þann hátt að $\frac{1}{2}$ hluti áætlaðs persónuafsláttar upp í útsvar greiðist sveitarfélaginu mánaðarlega.

6. gr.

Um uppgjör og skil innheimtumanna staðgreiðslu skv. 3. gr. gildir reglugerð um uppgjör á innheimtu staðgreiðslufé nr. 596/1987, eftir því sem við á, og reglugerð um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs nr. 530/1975. Ríkisféhirði er heimilt að gefa innheimtumönnum staðgreiðslu nánari fyriræmi um uppgjör og skil á hluta ríkissjóðs.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 20. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, gildir frá 1. janúar 1988.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1987.

F.h.r.

Sigurgeir Jónsson.

Indriði H. Þorláksson.

REGLUGERÐ

um frádrátt vegna gjafa til menningarmála o.fl.

1. gr

Skilyrði fyrir frádrætti gjafa samkvæmt ákvæði 3. mgr. 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eru þau að framteljandi leggi fram móttökukvittun með framtali sínu frá stofnun, sjóði eða félagi sem fellur undir skilgreiningu 2. gr. reglugerðar þessarar.

Viðkomandi stofnun, sjóður eða félag skal hafa sett sér skipulagsskrá, lög eða samþykktir yfir starfsemi sína. Undanþegin þessu ákvæði er starfsemi á vegum ríkissjóðs og stofnana hans eða sveitarsjóða og stofnana þeirra, svo og starfsemi sú er tilgreind er í d-lið 2. gr. reglugerðar þessarar.

Árstillög félagsmanna og styrktarféлага teljast ekki til gjafa í þessu sambandi.

2. gr.

Málaflokkar þeir sem til greina koma eru:

- a. Hver konar menningarmálastarfsemi fyrir almenning, svo sem byggingar skólahúsa og íþróttamannvirkja og rekstur skóla, íþróttastarfsemi, fræðiritaútgáfa og fræðslukvikmyndagerð, bóka-, skjala-, lista- og minjasöfnun, bókmennta- og listastarfsemi, verndun fornra mannvirkja og sérstæðra náttúrufyrirbrigða, skóggræðsla, sandgræðsla, verndun fiskimiða o.fl. sem til menningarmála heyrir.